



Byggingariðnaður

Atvinnugreinaviðmið

1. Umfang og tilgangur

Atvinnugreinaviðmið Íslandsbanka (e. Sector guidelines) eru verkfæri sem hafa það að markmiði að veita fyrirtækjum betri innsýn inn í áhættur og tækifæri innan mismunandi atvinnugreina þegar kemur að sjálfbærni.

Tilgangur skjalsins er að stuðla að og kynna sjálfbærni fyrir þeim fyrirtækjum sem eiga viðskipti við Íslandsbanka og veita þeim leiðsögn. Þá er það einnig markmið að skjalið styðji við sjálfbærni áhættumat og útskýri hvar bankinn telur atvinnugreinar vera útsettar fyrir áhættum sem snúa að sjálfbærni og til hvaða úrræða fyrirtæki geta gripið til að verjast og stýra þeim áhættum.

Atvinnugreinaviðmiðin eru samansafn af viðmiðum og ráðleggingum sem bankinn leggur til að viðskiptavinir vinni að. Eiga þau við um fyrirtæki á öllum stigum virðiskeðjunnar.

Bankinn er meðvitaður um að fyrirtæki eru á ólíkum stað í umbreytingu í átt að sjálfbærni og eðlilegt er að tekið sé mið af stærð og aldri fyrirtækja. Því geta mismunandi ráðleggingar átt við hverju sinni. Íslandsbanki hvetur fyrirtæki í viðskiptum við bankann til að vinna ekki markvisst gegn þeim viðmiðum sem hér eru lögð fram.

2. Sjálfbærni og áhrif UFS þátta á byggingariðnaðinn

Áskoranir innan byggingariðnaðarins sem snúa að umhverfis- og félagslegum þáttum ásamt stjórnarháttum felast í hröðum umskiptum yfir í kolefnislægra- samfélag en sífellt ríkari kröfur eru gerðar um betri aðferðir sem stuðla að umhverfis-vænni starfsháttum. Markmið byggingariðnaðarins og stjórnvalda er að draga úr árlegri kolefnislosun bygginga um 43% fyrir 2030. Því er mikilvægt að fyrirtæki bregðist við þeim kröfum ásamt því að vera meðvituð um loftslagstengdar áhættur og stýringu þeirra. Einnig er mikilvægt að huga að félagslegum þáttum og stjórnarháttum líkt og vinnuaðstöðu starfsfólks, þá sérstaklega öryggisatriðum og aðbúnaði á vinnustað og jafnrétti allra.

3. Áhættur

Raunlæg áhætta snýr að þeirri áhættu sem stafar af loftslagsbreytingum. Gagnvart byggingariðnaði á Íslandi eiga þar sérstaklega við aukin tíðni óveðra, flóð af ýmsu tagi og hækkun sjávarmáls. Mikilvægt er að taka mið af slíkum þáttum t.a.m. við ákvörðun um staðsetningu, hönnun og val á byggingarefnum og að horfa á þau

langtímaáhrif sem slíkir þættir hafa.

Umbreytingaráhætta skapast við það að breyta hratt lögum, reglum, skattlagningu, neysluhegðun og viðskiptalíkani til að ná kolefnishlutleysi og aukinni sjálfbærni. Byggingariðnaður hér á landi er sérstaklega útsettur fyrir umbreytingaráhættu vegna aðgerða stjórnvalda og hagaðila við endurskoðun á regluverki honum tengdum. Sem dæmi um umbreytingaráhættu gagnvart byggingariðnaðinum hér á landi má nefna mögulegar breytingar á regluverki vegna markmiða stjórnvalda og byggingariðnaðarins um að draga úr kolefnislosun. Kröfur eru einnig að aukast um nýtingu byggingarefna, umhverfisvæna förgun, útreikning kolefnisspors og breytt verklag en ein helsta áskorun íslensks byggingariðnaðar er einmitt losun á bundnum kolefnum sem á sér stað við uppbyggingu, viðhald, niðurrif og förgunar bygginga.

3.1 Ráðleggingar um stýringu áhættu

1. Greina hvar starfsemi er útsett fyrir sjálfbærniáhættu.
2. Marka sér og vinna eftir umhverfis-, samfélags eða sjálfbærnistefnu.
3. Innleiða viðeigandi markmið, aðgerðaáætlanir og staðla.
4. Notast sé við nýjustu og bestu tækni sem völ er á og stuðli að umhverfisvænum starfsháttum.
5. Virða réttindi starfsfólks ásamt rétti til kjarasamninga og félagafrelsis.
6. Sé byggingaraðili að nýta sér þjónustu starfsmannaleiga er mikilvægt að ganga úr skugga um að réttindi starfsfólks séu virt.
7. Koma í veg fyrir mismunun og sýna fram á jafnréttisvottorð eða staðfestingu, eftir því sem lög segja til um hverju sinni.
8. Tryggja öruggt starfsumhverfi, aðbúnað á vinnustað og móta viðbragðsáætlun við vinnuslysum.
9. Greina frá ófjárhagslegum upplýsingum sem viðeigandi eru hverju sinni samkvæmt viðurkenndum stöðlum t.d. GRI (Global Reporting Initiative).
10. Hafa ferla sem samræmast vinnulöggjöf og reglum um vinnuvernd og tryggja jafna meðferð verkamanna.
11. Vera með ferla til staðar og/eða samtök til þess að ganga úr skugga um að virðisdeila styðji við sjálfbærni.
12. Vera meðvituð um yfirvofandi breytingar á regluverki, t.d. byggingarreglugerðum er varða steypunotkun, orkunýtingu og endurnýtingu úrgangs.
13. Takmarka notkun á jarðefnaeldsneyti með því að lágmarka akstur og lausagang véla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.
14. Reyna að innleiða orkuskipti eftir bestu getu.
15. Leitast við að kolefnisjafna þann útblástur sem ekki er enn er hægt að draga úr t.a.m. með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.
16. Flokka úrgang og farga honum á umhverfisvænan hátt og stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis.
17. Vinna að framkvæmd lífsferilsgreiningar (Life Cycle Analysis).
18. Starfa samkvæmt vottuðu gæðakerfi, öryggisstjórnunarkerfi og/eða umhverfisstjórnunarkerfi sé það kostur.
19. Vinna eftir viðurkenndum vottunum.

4. Viðeigandi staðlar og vottanir

4.1. Í sjálfbærum fjármálaramma

Íslandsbanka eru eftirfarandi staðlar og vottanir samþykktar:

- [BREEAM „very good“](#)
- [BREEAM in use](#)
- [Svansvottun](#)
- [LEED „Gold“](#)
- [DGNB](#)

4.2. Aðrir staðlar og vottanir sem stuðla að sjálfbærni

- [Byggjum Grænni framtíð - Vegvisir að vistvænni mannvirkjagerð 2030](#)
- ISO alþjóðlegir staðlar t.d. nr. 9001, 14001, 45001, 14040 og 14044
- [GRI – Global Reporting Initiative](#)
- [Sedex vottun](#)